

Mál nr. 224/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar sveitarfélags vegna skólahúsnaðis

Meiðsl þegar hurð í skóla skall á M þann 26.11. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.08. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, starfsmaður skólans, slasaðist er hún var á leið til vinnu sinnar. M ætlaði að ganga inn um útihurð á neðri gangi skólans. Slæmt veður var og það gekk á með miklum vindkviðum. Hún opnaði hurðina, smeygði sér inn en þá skall hurðin harkalega á bakið á henni og höfuð þannig að meiðsl hlaut af sbr. fyrirliggjandi gögn. Gler í hurðinni brotnaði.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að hér hafi ekki verið um almennan inngang að ræða heldur neyðarútgang. Kennurum hafi verið kunnugt um aðstæður. Hurðin hafi ekki verið vanbúin. Ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu N.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp þetta til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar á aðstæðum sem hann ber ábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að umrædd hurð hafi verið vanbúin. Það óhapp sem hér um ræðir virðist fyrst og fremst mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. ágúst 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.